



---

**143. fundur** í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi,  
*haldinn þann 24.11.2020 kl.16.30 í fjarfundarbúnaði vegna Covid 19 aðstæðna.*

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Gils Einarsson, Magdalena Jónsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Laufey Ósk Magnúsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

**1. Rekstarhorfur og áætlun 2021.**

Framkvæmdastjóri leggur fram áætlun fyrir árið 2021 og horfum fyrir árið 2020. Horfur fyrir 2020 eru betri en leit út fyrir að yrðu í vor; haustönn hefur gengið vel. Gert er ráð fyrir svipuðum rekstrarhorfum fyrir árið 2021.

**2. Áhrif Covid 19 á fræðslustarfsemi árið 2020**

Framkvæmdastjóri fór yfir áhrif Covid-19 á fræðslustarfsemi Fræðslunetsins. Það er mjög mismunandi eftir eðli námskeiða hversu mikil og hvernig áhrifin hafa verið. Nokkur neikvæð áhrif hafa verið á nám fatlaðra og íslensku fyrir útlendinga en jákvæð áhrif á virkinnámskeið.

**3. Starfsmannamál**

Róslín Alma Valdimarsdóttir hefur hafið störf á Höfn til að leysa af Sædís Ösp Valdimarsdóttur í fæðingarorlofi út árið 2021. Anna Valgerður Sigurðardóttir hefur verið ráðin tímabundið sem verkefnastjóri á Selfossi árið 2021.

**4. Önnur mál**

- a. Fréttir af starfinu – minnisblað framkvæmdastjóra. Þar segir m.a. frá framlengdum umsóknarfrest í Vísindasjóð og að mönnum móttaka hefur verið lögð niður í Fjölheimum.
- b. Gils Einarsson hvetur Fræðslunetið til að hefja vinnu eins fljótt og hægt er við undirbúning fyrir aukningu á fjarnámi í framtíðinni. Líklegt er að landamæri fræðslumiðstöðva munu falla hratt á næstu misserum.

Fundi slitið kl. : 17.40

*Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir*